

8. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og umsjón hans.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að ráða sérstakan framkvæmdastjóra og fela honum nánar tiltekin verkefni.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

### Vélskelflett rækja:

#### Færri en 350 stk. í lbs.

	SDR pr. lbs. cif.
Blokkfryst . . . . .	2,49
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst . . . . .	2,61
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst . . . . .	2,49
500 gr vatnshúðuð, sérfryst . . . . .	2,90
200 gr vatnshúðuð, sérfryst . . . . .	3,04

#### Fleiri en 350 stk. í lbs. og óflokkuð:

Blokkfryst . . . . .	2,38
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst . . . . .	2,38
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst . . . . .	2,49
500 gr vatnshúðuð, sérfryst . . . . .	2,76
200 gr vatnshúðuð, sérfryst . . . . .	2,90

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. febrúar 1983.*

F. h. r.  
**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*